

AIC - ÍSLAND/ICELAND

Flugmálastjórn Íslands, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík /
Icelandic Civil Aviation Administration, Reykjavik Airport, IS-101 Reykjavik, Iceland
Sími/Telephone: + 354 569 4100 – Fax/Telefax: + 354 562 3619
Netfang/E-mail: fms@caa.is – Veffang/Internet address: http://www.caa.is

AIC
B 07 / 2002

31 OCT 2002

ICELANDIC



ENGLISH

Að taka við og skila af sér flugvél.

Til flugmanna og flugvéltækna einka- og kennsluflugvéla:

- Flugmálastjórn vill benda á að það hafa komið upp tilvik þar sem ekki hefur verið vandað til fyrirflugsskoðunar sem skyldi og bendir á að það er á ábyrgð flugstjóra að ganga úr skugga um fyrir hvert flug að flugvélin sé lofthæf.
- Bilun getur komið fram í flugvélum þar sem aðstæður til viðgerða eru ekki góðar. Í öllum tilvikum þegar bilun á sér stað í flugvél skal kallaður til flugvéltæknir sem skoðar vélina til að finna bilunina og greina orsakir hennar.
- Að lokinni greiningu bilunarinnar er oft hægt að gera við hana á staðnum og lýsir þá flugvéltæknirinn flugvélin lofthæfa, en í sumum tilvikum gerist það að sækja þarf varahluti og verkfæri til að hægt sé að ljúka verkinu.
- Í þeim tilvikum gerist það stundum að flugvéltæknirinn lokar hreyfilhífum og e.t.v. fleiri lokum vegna veðurfars þegar hann telur að það gæti dregist á langinn að útvega íhlutina eða verkfærin, t.d. ef vélin er á öðrum flugvelli en þeim þar sem viðhaldsaðstaða er fyrir hendi. Þegar svo er ber flugvéltæknirinn ábyrgð á því að ganga svo frá flugvélinni að ekki sé um villst að hún sé óflughæf hvað þá ólofthæf.
- Sá flugmaður sem ætlar að fljúga flugvélinni næst þarf að vanda sérstaklega til fyrirflugsskoðunar og ganga úr skugga um að flugvélin hafi verið lýst lofthæf.

This AIC is only issued in Icelandic

AIC upplýsingarbréf nr. B-0002 dagsett 25. maí 2001 er hér með fellt úr gildi.

